

Hraunvallaskóli
Drekavellir 9

Hafnarfjörður, 18.10. 2019

B.t. Fræðsluráðs Hafnarfjarðar og sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Efni bréfs: Breytingar á skóladagatali Hraunvallaskóla 2019-2020 vegna fyrirhugaðar námsferðar starfsmanna til Serbíu í júní 2020.

Skólastjóri Hraunvallaskóla óskar eftir að Fræðsluráð Hafnarfjarðar staðfesti breytingar á skóladagatali 2019-2020. Breytingin snýst í aðalatriðum um að skipulagsdagur 6. janúar er færður til 9. júní. Þá færast skólaslit aftur um 1 dag sem og þema og áhugasviðsdagar í lok maí og byrjun júní. Annað er óbreytt. Breytingar þessar eru gerðar vegna fyrirhugaðar námsferðar starfsfólks til Serbíu í júní 2020.

Fjallað var um breytingarnar á kennarafundi 16.10. 2019 og voru þær samþykktar að öllum viðstöddum ásamt trúnaðarmönnum KÍ við skólann sem gera ekki athugasemdir við umræddar breytingar.

Skólaráð staðfesti umfjöllun um breytingar á skóladagatali 2019-2020 á fundi 18.10 2019 og fylgir staðfestingarbréf þess með þessu erindi.


Lars Jóhann Insiðna skólastjóri

